

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla.

Fulltrúaráðsfundur 6. nóvember, kl 20:00 í Hofsstaðaskóla.

Mættir úr foreldrafélagi: Kristbjörg Ágústsdóttir, Stella Stefánsdóttir (5-HK), Þórunn Einarsdóttir (1-HV), Svava Garðarsdóttir og Iðunn Bragadóttir.

Mættir Bekkjafulltúar: Vala Guðný Guðnadóttir 1ÁS, Erla Hrönn Randversdóttir 1ÁS, Anna Bjarnadóttir 1RJ, Elísabet María Sigfúsdóttir 1-HV, Ingólfur Einarsson 3RS, Ásgeir K. Ólafsson 4GT og 6AMH, Kristín Bjargey Gunnarsdóttir 4BÓ og 7LK, Dagný Þórgnýsdóttir 5HK, Steinunn Þ. Maríusdóttir 5GP, Kristbjörg Linda Cooper 6AMH, Þuríður E. Baldursdóttir 6BV, Eiríkur Einarsson 6BJ, Ástríður Stefánsdóttir 7ÓP, Lovísa Þórðardóttir 7ÓP, Erna Ingólfssdóttir 7MG, Elín Thorarensen 7LK,

Þetta var tekið fyrir:

Rútmál:

Garðabær er búinn að ákveða að auka fjármagn í rútusjóð, bekkjafulltrúar verða látnir vita um leið og búið er að staðfesta hversu há upphæðin er og hvernig hún skiptist. Þessir peningar eiga að vera fyrir vettvangsferðum.

Vorhátíð eða Hausthátíð:

Rætt var um hvort að betra væri að hafa vorhátíð eða hausthátíð. Á vorin er oft mikið um að vera sumardagurinn fyrsti, páskarnir og fleira. Ákveðið var að betra væri að hafa hátíðina að hausti og hafa hana þá kannski um miðjan september. Tilvalið að heilsa nýju skólaári með hátíð. Setja þarf nefnd sem skipuleggur hátíðina að vori. Einnig að fá nemendur meira með í hátíðina en það krefst samstarfs frá kennurum og stjórnendum.

Kosning í nefndir:

Umferðarnefnd: Þórunn Einarsdóttir, Iðunn Bragadóttir og Elín Thorarensen

Laufabrauðsnefnd: Anna Bjarnadóttir, Dagný Þórgnýsdóttir, Vala Guðný Guðnadóttir, Kristbjörg Ágústsdóttir og Elísabet María Sigfúsdóttir

Hausthátíð: enginn bauð sig fram

Tækjanefnd: Lovísa Þórðardóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Stella Stefánsdóttir.

Battavöllur:

Reynt hefur verið að koma fyrir battavelli en skólalóðin er of lítil. Ekki er í boði svæðið á vestanverðri lóðinni (blauta svæðið) og sömuleiðis ekki á svæðið austast þar sem bílastæðin eru uppá hæðinni. Það eru tveir möguleikar í boði: a) óbreytt skólalóð eða b) setja hita og gerfigras á núverandi malbikaða fótboltavöll, sem og lýsingu og batta á þrjá vegu.

Samþykkt var að gera eitthvað í stað þess að gera ekki neitt en fram kom athugasemd um að nauðsynlegt væri að gera eitthvað fyrir “blauta svæðið” því það væri hættulegt, sem og óánægja með að bærinn láti ekki reyna á skipulagsferlið sem felst í því að setja battavöll þangað.

Óskað var eftir því að körfuboltavöllurinn yrði lagðaður samhliða.

Formlegum umræðum var lokið um 20:30 og þá kom Jón Gnarr og sló á léttu strengi og ræddi um samskipti.

Fundargerð ritaði Þórunn Einarsdóttir